



## NEYÐARÁÆTLUN KBS VEGNA COVID-19

Í samræmi við viðmið um takmarkanir á skóla- og frístundastarfi vegna COVID-19 sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur sent frá sér hafa starfsmenn farið yfir mögulegar lausnir og aðgerðir sem miða að því að tryggja sem best öryggi og vellíðan nemenda og starfsmanna Kirkjubæjarskóla.

Grunnlínan er að halda starfsemi gangandi á sem öruggastan hátt, **p.e. að börn séu í sem minnstu hópum og aðskilin sem mest.**

1. Hópar. Nemendur eru mest 12 í stofu og þarf því ekki að gera neinar breytingar þar á.
2. Hver hópur hafi eina stofu til umráða og öll kennsla fari þar fram. Borðum dreift og hver nemandi á sitt fasta sæti allan þennan tíma.
3. KBS mun halda úti eins miklu skólastarfi og kostur er miðað við þessar aðstæður og fyrirskipaðar takmarkanir.
  - a. Valgreinar falli niður – þriðjudaga og **fimmtudaga**. Skóla ljúki kl. 13.45 þá daga
  - b. Gæsla falli niður sömu daga
  - c. Íþróttatímar falla niður. Kennari kemur í heimastofu - útivera
  - d. Sundkennsla verður óbreytt – Íþróttamiðstöð lokuð f.h.
4. List- og verkgreinar falla niður. Kennari kemur í heimstofu – útivera
5. Tvískipt í matsal í morgunhressingu, hádegi og síðdegishressingu (mán. –miðv.) Starfsmenn íþróttahúss borða á öðrum tíma
6. Inngöngum fjölgað – verða þrír
7. Göngum haldið auðum eins og hægt er.
8. Hópum skipt upp á svæði í frímínútum
9. Þrif skv. fyrirmælum embættis Landlæknis
10. Viðmið við skólaakstur send bílstjórum. Ekki skilyrt 2 m bil en varast að hópar sem aðgreindir eru í skólanum blandist saman. Hver eigi sitt fasta sæti. Ekki leyfðir aukafarþegar. Þrif skv. viðmiðum Landlæknis

11. Vísindaferð frestað
  12. Árshátíð aflýst
  13. Upplestrarkeppni frestað
  14. Heimsóknum leikskólabarna frestað
  15. Heimsóknum í skóla takmarkaðar verulega
  16. Fjarfundarbúnaður – fjarkennsla = í undirbúningi
- 

Aðrar aðgerðir til að draga úr smithættu.:

- Fundir sóttir í gegnum fjarfundabúnað eins og kostur er
  - Virða tilmæli yfirvalda um að ferðast ekki til útlanda næstu vikur
  - Draga úr ferðum á önnur svæði t.d. Til Reykjavíkur/Selfoss ef erindi er ekki brýnt s.s læknisferðir eða því um líkt
  - Koma ekki til vinnu veikur/lasin(n)
  - Fresta utanaðkomandi heimsóknum í skólann – enga ónauðsynlega umferð í húsið
  - Póstur – afhending pakka - gæta að nálægð
  - Fylgja í hvívetna tilmælum yfirvalda
- 

Kirkjubæjarskóli 16. mars 2020

Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri